

Umsögn um frumvarp til laga um erfðafjárskatt: Mál 10. 149. löggjafarþing

Helgi Tómasson
Prófessor í hagrannsóknnum og tölfræði
Háskóla Íslands
4.10.2018

Þetta frumvarp gengur út á að viðhalda óheppilegu kerfi þar sem metnar eignir mynda skattstofn. Metnar eignir eru hæginn skattstofn. Til dæmis má nefna dæmi þar sem fenginn var matsmaður til að meta höfundarrétt Nóbelsverðlaunahafa. Matið kostaði á milli 1 og 2 milljónir og var niðurstaða matsmannsins að höfundarrétturinn væri 30 milljóna virði og erfingjum bæri því að borga skatt samstundis af þessum 30 milljónum. Höfundarrétturinn var ekki seljanlegur og tekjuflæði óviss. Tekjur hefðu orðið skattskyldar ef þær hefðu komið og því um tvísköttun að ef bæði áætlaðar tekjur og raunverulegar tekjur eru skattlagðar. Metin erfðafjárverðmæti eru augljóslega óviss og óheppilegur skattstofn.

Mjög mörg nágrannalönd hafa nú afnumið erfðafjárskatt. Meira að segja Norðmenn (mjög hægengir í skattaumbótum) afnámu hann 2014. Svíar og Danir hafa afnumið erfðafjárskatt en í Danmörku myndar dánarbúið einhvers konar sameignarfélag og skattleggst sem slíkt.

Víti til varnaðar er Spánn. Þar í landi er mjög flókið og ógagnsætt kerfi sem er margþrepaskipt. Þrepin fara eftir því hver erfir, hvar viðkomandi býr, hvaða tekjur erfinginn hefur, o.s.frv. Svíinn Fredrick Carlgren veitir ráðgjöf um það hvernig eigi að skipuleggja sín fjármál til að verjast spænskum erfðafjársköttum. Hann og hans líkar veittu sömuleiðis ráðgjöf hvernig (Svíar sem t.d. vildu flytja til Frakklands) ætti að víkja sér undan auðlegðarskattinum illræmda í Frakklandi á meðan hann var og hét (síðasta land Evrópubandalagsins með þannig skatt). Margir auðugir Frakkar höfðu úrræði á takteinum til að víkja sér undan þessari skattheimtu. Skatturinn lagðist þyngst á varnarlitla tekjulága einstaklinga sem fengu áætlaðar á sig miklar eignir, t.d. land sem fékk á sig hækkað mat. Mitt mat er að um það bil 10 lönd í Evrópu séu enn með erfðafjárskatt og fari fækkandi. Í þeim löndum er útbreiddur skilningur á vandanum en það er pólitískt mjög erfitt að afnema svona skatta. Mennta liggja undir ámæli um að vera að tapa tekjum ríkissjóðs hygla hinum ríku o.s.frv.

Fyrir utan slæma eiginleika skattstofna af þessari gerð eru þeir óskilvirkir. Það þarf marga menn til að meta skattstofninn og marga sérfræðiráðgjafa á háum launum til að hjálpa fólki að borga sem minnstan skatt. Fredrick Carlgren segir að síðasta ár auðlegðarskatts í Svíþjóð hafi hann verið af stærðargráðunni 0.5-1% af tekjum hins opinbera og virðisaukinn fyrir sænska ríkið sennilega neikvæður vegna þess hve umsýslan um skattheimtuna var mikil og þeirra hliðaráhrifa að auðugir Svíar með háar tekjur fluttu úr landi og borguðu því ekki tekjuskatt í Svíþjóð og minni virðisaukaskatt en ella.

Ég er ekki læs á þýsku en mér hefur verið bent á að þýskur stjórnlagadómstóll hafi ályktað 1994 að eignaskattar samræmdust ekki eignarréttarákvæðum í stjórnarskrá. Samræmast svona skattar eignarréttarákvæði íslensku stjórnarskrárinnar? Ef menn telja það þá tel ég að skerpa þurfi á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Erfðafjárskattinn þarf að afnema eins hratt og kostur er. Ég legg til að frumvarpinu verði breytt í samræmi við slíkt markmið.



Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 1.okt.2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga á breytingu á lögum um erfðafjárskatt,nr.14/2004,með síðari breytingum (þrepaskiptingu).

Þingskjal 10 – 10.mál

Landssamband eldri borgara styður það að erfðaskattur verði þrepaskiptur,þannig að 1.þrep verði lækkað í 5 %.

Landssamband eldri borgara telur að erfðaskattur sé mjög ósanngjörn skattlagning. Það er búið að greiða skatt af þeim eignum, sem erfðafjárskattur er lagður á.

Landssamband eldri borgara telur að stefna eigi að því að erfðafjárskattur heyri sögunni til. Það er alveg nóg að greiða einu sinni skatt af eignum,tvísköttun er óréttlát.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB



RÍKISSKATTSTJÓRI

Sími 442 1000 - rsk@rsk.is - www.rsk.is

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2018

R2018090020/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt (þrepaskipting) - 10. mál, þskj. 10.

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. september 2018 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Telur embættið ástæðu til að benda á að gildistökuákvæði 2. gr. frumvarpsins verður ekki skilið á annan veg en svo að öll þau dánarbú sem skipt er þann 1. janúar 2019 eða síðar greiði 5% skatt af fyrstu 75.000.000 kr. í skattstofni dánarbús. Ríkisskattstjóri telur mikilvægt að skýrt komi fram hvort að vilji löggjafans standi til þess að breyting sú sem lýst er í 1. gr. frumvarpsins skuli einungis ná til skipta á dánarbúum þeirra sem látast frá og með gildistökudegi frumvarpsins, þ.e. 1. janúar 2019 eða jafnframt til þeirra dánarbúa sem óskipt eru á gildistökudegi.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Ingvar J Rögnvaldsson

Alþingi, nefndarsvið

Kirkjustræti

150 REYKJAVÍK

Umsögn Sýslumannsins á Austurlandi um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum (þrepaskipting).- 10. mál, þskj. 10.

Embættið hefur kosið að gera athugasemdir við frumvarpið og fylgja þær hér með:

1. gr. engin athugasemd.
2. gr. orðist svo: „ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019 og taka til skipta á dánarbúum þeirra sem andast þann dag eða síðar, búskipta þeirra sem hafa heimild til setu í óskiptu búi fari þau fram eftir gildistöku laganna og álagningar erfðafjárskatts á fyrirframgreiðslu arfs vegna erfðafjárskýrslna sem berast sýslumönnum eftir gildistöku laganna.“

Það er mat embættisins að nauðsynlegt sé að kveða skýrt á um það til hvaða dánarbúa hin breyttu lög taki og frá hvaða tíma. Nú þegar er farið að bera á því að erfingjar dánarbúa séu farnir að gera sér væntingar um að skattstofn lækki sem aftur leiðir til þess að óskað er eftir frestum á skiptalokum fyrirbyggjandi dánarbúa fram yfir þann tíma sem lög kveða á um. Með því að kveða á um að lagabreytingin eigi eingöngu við um dánarbú þeirra sem andast við eða eftir gildistöku þeirra er réttaróvissu eytt og enginn þarf að velkjast í vafa um hvaða reglur gilda. Um er að ræða skattlagabreytingu og krafa er uppi um það í íslenskum rétti að engin óvissa sé um skattskyldu manna.

Seyðisfirði, 26. september 2018

Sýslumaðurinn á Austurlandi,

Lárus Bjarnason

